



Fundargerð

1333. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, fjarfundur haldinn

26. ágúst 2021, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Guðbrandur Einarsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét A. Sanders, Baldur Þ. Guðmundsson, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Íris Andrea Guðmundsdóttir ritari.

* * *

1. Fjárhagsáætlun 2022-2025 - tekjuáætlun (2021060488)

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn. Minnisblað um áætlaðar skatttekjur lagt fram.

Bæjarráð samþykkir að lækka álagningarstuðul fasteignaskatts A-stofns íbúðarhúsnæðis úr 0,32 í 0,30 og C-stofns atvinnuhúsnæðis úr 1,52 í 1,50.

2. Ósk um niðurfellingu gatnagerðargjalda (2020100016)

Málinu frestað.

3. Verkefnisstjóri fræðslu og vinnuverndar (2021080521)

Kristinn Óskarsson mannauðsstjóri mætti á fundinn. Lagt fram minnisblað mannauðsstjóra vegna verkefnastjóra fræðslu og vinnuverndar.

Tillaga um að ráðið verði í nýtt stöðugildi samkvæmt minnisblaði mannauðsstjóra Reykjanesbæjar frá og með 1. október 2021. Friðjón Einarsson (S), Jóhann Friðrik Friðriksson (B), Guðbrandur Einarsson (Y) samþykkja tillöguna.

Margrét A. Sanders (D) og Baldur Þ. Guðmundsson (D) sitja hjá.

4. Duus safnahús - lokun upplýsingamiðstöðvar (2021050281)

Lagt fram minnisblað Þórdísar Óskar Helgadóttur forstöðumanns Súlunnar um lokun upplýsingarmiðstöðvar í Duus safnahúsum.



5. Nýtt hjúkrunarheimili (2019050812)

Fundargerð bygginganefndar vegna nýs hjúkrunarheimilis lögð fram.

6. Fundargerðir Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 15. júní 2020, 28. janúar og 23. ágúst 2021 (2020030519)

Fundargerðir lagðar fram.

7. Fundargerðir stjórnar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. 4. maí, 1. júní og 17. ágúst 2021 (2021030224)

Fundargerðir lagðar fram.

8. Fundargerðir stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 16. júní og 18. ágúst 2021 (2021010463)

Fundargerðir lagðar fram.

9. Fundargerðir Neyðarstjórnar (2021010061)

Fundargerð lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:15